

Nd.

89. Frumvarp til laga

[55. mál]

um Náttúrugripasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Í Náttúrugripasafni Íslands skulu vera þrjár deildir: Dýrafræðideild, grasafraeðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

2. gr.

Aðalhlutverk Náttúrugripasafnsins er:

1. að viðá að sér sem fullkornustu safni íslenzkra náttúrugripa og varðveita það;
2. að afla erlendra náttúrugripa, eftir því sem heppilegt þykir og aðstæður leyfa;
3. að annast fuglamerkingar í vísindalegum tilgangi;
4. að vinna skipulagsbundið að almennum rannsóknum á náttúru Íslands;
5. að annast eða sjá um tilteknar rannsóknir, eftir því sem ríkisstjórnin kann að óska.

Verkefni þessi skal safnið leysa af höndum eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

3. gr.

Náttúrugripasafnið gefur árlega út skýrslu, er greini frá meginþáttum í starfsemi þess á árinu, náttúrufræðilegum rannsóknum á Íslandi, munum þeim og ritum, er safninu hafa áskotnast, fuglamerkingum og öðru, er ástæða virðist til.

Safnið gefur einnig út rit, þar sem birtar skulu á einhverju heimsmálanna niðurstöður rannsókna á náttúru Íslands, eftir því sem ástæða virðist og fé er veitt til. Ritið nefnist Acta naturalia Islandica.

4. gr.

Náttúrugripasafnið skal vera almenningi til sýnis eigi sjaldnar en þrisvar í viku, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Lögð skal áherzla á, að safnið veiti sem gleggst yfirlit um náttúru landsins.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa þrjá deildarstjóra við safnið: Dýrafræðing, grasafræðing og jarðfræðing. Þeir skulu hafa lokið meistaraþrófi, doktorsþrófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum. Laun þeirra skulu vera hin sömu og deildarstjóra í atvinnudeild háskólans. Þó skal sá, er fer með yfirstjórn sameiginlegra mála, njóta sömu launa og forstöðumenn Landsbóka-, Þjóðminja- og Þjóðskjalasafns. Heimilt er ráðherra, að fenginni fjárveitingu, að ráða fleira starfslið að safninu um eitt ár í senn, ef sérstök ástæða virðist til.

Deildarstjórar skiptast á um að fara með yfirstjórn sameiginlegra málefna safnsins, og skal hver þeirra hafa þau störf með höndum þrjú ár í senn.

6. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi safnsins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá 1. janúar 1947 tók ríkissjóður við rekstri Náttúrugripasafnsins af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi. Hafði félagið notið fjárstyrks til að standa straum af kostnaði við safnið, síðast 55 þús. kr. árið 1946.

Að safninu voru ráðnir tveir starfsmenn, dr. Finnur Guðmundsson, dýrafræðingur, og dr. Sigurður Þórarinsson, jarðfræðingur. Litlu síðar var einnig ráðinn að safninu grasafræðingur, Guðni Guðjónsson, magister, en hann andaðist í árslok 1948. Síðan starfaði magister Einar Sigurgeirsson, grasafræðingur, um skeið við safnið, en nú er þar enginn grasafræðingur. Þá hefur verið ráðin aðstoðarstúlka við safnið.

Safninu fylgdu engin vinnuherbergi, þegar ríkið tók við því, en það hefur nú fengið til afnota 3 góð herbergi í Þjóðminjasafnsbyggingunni, auk mikils geymslurúms. Fjárveiting til safnsins hefur verið aukin og gata þess greidd á margan veg. Þó skortir safnið enn flest vísindaáhöld, hirzlur undir náttúrugripi, sýningarskápa o. fl. Safninu fylgdi, er ríkissjóður tók við því, sjóður, er safnast hafði til húsbýggingar, 82 þús. kr.

Um Landsbókasafn, Þjóðskjalasafn og verndun fornmenja eru sérstök lög, og telur menntamálaráðuneytið nauðsynlegt, að marka einnig starfsvið Náttúrugripasafnsins í lögum. Því er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.

Um einstakar greinar þess er þetta að segja:

Um 1. gr.

Æskilegt þykir að skipta safninu í 3 aðaldeildir, og starfi sinn sérfræðingur við hverja.

Um 2. gr.

Verkefni þau, er safnið hefur sinnt, eru hér talin undir 1.—3. lið, en auk þess ætlað til, að stofnunin vinni skipulagsbundið að rannsóknum á náttúru landsins og leysi af höndum þær sérstöku athuganir, er ríkisstjórnin kann að fela henni.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt mun, að safnið gefi áfram út skýrslu um starfsemi sína, svo sem jafnan hefur verið, og haldi þannig uppi nokkru sambandi við áhugamenn um náttúrufræði, Einnig er safninu nauðsynlegt að kynna erlendum vísindamönnum niðurstöður rannsókna á náttúru landsins með útgáfu rits á einhverju heimsmálanna.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir 3 aðaldeildum í safninu: Dýrafræði-, grasafræði- og jarðfræðideild, og veiti sérfræðingur hverri deild forstöðu. Vísindastörf þeirra verða alveg sjálfstæð, en sitthvað af sameiginlegum málum, er sinna þarf. Er ráðgert, að deildarstjórnir skiptist á um að fara með yfirstjórn sameiginlegra málefna safnsins.

Um 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.